

Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2016

Mælingar í Borgum á Akureyri stóðu yfir frá 4. apríl til 25. september eða í samtals 175 daga. Heildarfjöldi frjókorna varð 3144 sem er rétt yfir meðallagi. Þau sem helst valda ofnæmi skiptust þannig: 2286 grasfrjó, 121 birkifrjó, 104 asparfrjó og 64 súrufrrjó. Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 569. Að þessu sinni er hér um að ræða 23 frjó- og gróhópa (1. tafla).

1. tafla. Frjó- og grógerðir á Akureyri sumarið 2016, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m ³ loftis
Gras	<i>Poaceae</i>	2286
Birki	<i>Betula</i>	121
Ösp	<i>Populus</i>	104
Víðir	<i>Salix</i>	69
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	64
Lyng	<i>Ericales</i>	60
Sveipjurtir	<i>Apiaceae</i>	45
Lúpína	<i>Leguminosae</i>	35
Fura/greni	<i>Pinaceae</i>	30
Elfting	<i>Equisetum</i>	25
Rósaætt	<i>Rosaceae</i>	22
Stör	<i>Carex</i>	20
Maðra	<i>Galium</i>	12
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	9
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	8
Fífill	<i>Taraxacum</i>	7
Elri (ölur)	<i>Alnus</i>	5
Hæra	<i>Juncaceae</i>	3
Brjóstagrass	<i>Thalictrum</i>	2
Barnamosi	<i>Sphagnum</i>	2
Körfublóm	<i>Aster</i>	2
Einir	<i>Juniperus</i>	1
Burkni	<i>Filicales</i>	1
Óþekkt / ógreind	<i>incognito</i>	211

Fyrsta frjókornið kom í gildruna 13. apríl. Það reyndist vera lyngfrjó. Þann 26. apríl mældist svo fyrsta víðifrjó. Ekki greindust fleiri tegundir í aprílmánuði.

Asparfrjó mældust samfelld frá 13. maí til 28. maí. Þau urðu fleiri en síðasta ár en þó við meðaltalið sem er 91 frjó/m³. Asparfrjó fóru þrisvar yfir 10 frjó/m³ en hæst fór frjótalan í 18 þann 24. maí.


Birkifrjó voru óvenju fá í ár eins og í Garðabæ. Fyrsta frjó mældist þann 14. maí en frá og með 23. maí voru þau nær samfelld í lofti til 14. júní eða í rúmar þrjár vikur. Það sem eftir lifði sumars komu einungis fjögur birkifrjó í gildruna. Hámark birkifrjóa varð dagana 27. maí og 1. júní þegar frjótalan fór í 16. Heildarfjöldi varð 121 frjó/m³ en meðaltal birkifrjóa á Akureyri 1998–2015 er 613 frjó/m³. Aldrei áður hafa birkifrjó mælst svo fá.

Grasfrjó mældust fyrst 28. maí og aftur 1. júní. Eftir það mældust þau nær samfelld fram yfir miðjan september. Frjótímabilið fór rólega af

stað og 16. júní fór frjótalan fyrst yfir 10. Frjótala grasa mældist hæst 232 þann 6. ágúst en hún fór átta sinnum yfir 100 í sumar; 26. júlí og sjö sinnum í ágúst. Mest var um grasfrjó í ágúst, 1488 frjó/m³, og hafa þau aldrei áður mælst svo mörg í þessum mánuði og það þó að frjógildran hafi verið biluð í átta daga, 24.–31. ágúst. Fæst voru grasfrjó í september (fyrir utan þetta eina í maí) eða 57 talsins. Í júní mældust þau 240 og í júlí 500. Heildarfjöldi grasfrjóa varð 2286 frjó/m³ sem er töluvert yfir meðaltali árána 1998–2015 (1605) en færri en metsumarið 2014 þegar þau reyndust 3102.

Súrufrrjó mældist fyrst þann 3. júní og eftir það mældust þau flesta daga fram undir miðjan ágúst, í litlu magni þó í hvert skipti. Frjótalan fór aldrei yfir 10, hæst fór hún í 3 frjó/m³ nokkra daga í júlí. Alls komu 64 súrufrrjó í gildruna þetta sumarið, sem er aðeins yfir meðallagi árána 1998–2015 (59).





1. mynd. Heildarfrjómag्न og skipting í helstu frjógerðir á Akureyri 1998–2016.

Frjóríkasti mánuður sumarsins var ágúst með 1595 frjókorn í rúmmetra lofts sem er talsvert mikið yfir meðallagi og hafa aðeins einu sinni áður, árið 2003, mælst fleiri frjókorn á Akureyri í ágúst (1604). Allir hinir mánuðurnir voru undir meðaltalinu (2. tafla). Apríl með 23 frjó/m³ reyndist sá rýrasti en hann ásamt september eru alla jafna með lægstu frjótölurnar. Flest frjókorn voru í lofti þann 6. ágúst 238 frjó/m³ en þann dag mældust grasfrjó í hámarki. Af þeim 167 dögum sem gildran var í gangi voru 11 dagar sem engin frjókorn mældust (sex í apríl, fjórir í maí og einn í september).

2. tafla. Fjöldi frjókorna á Akureyri sumarið 2016 og meðaltal árána 1998–2015.

Mánuður	2016	Meðaltal
Apríl	23	36
Maí	293	362
Júní	503	698
Júlí	642	844
Ágúst	1595	845
September	88	156
Samtals	3144	2940

Í heild var frjósumarið 2016 á Akureyri aðeins yfir meðallagi með 3144 frjó í rúmmetra lofts. Rúmlega helmingur frjókornanna féll í ágúst. Á einungis átta dögum í sumar mældust 43% allra frjókorna; það var 26. júlí, 1. ágúst, 6.–7. ágúst, 11. ágúst og 16.–18. ágúst. Færri sólskinsstundir og meiri úrkoma mældist á Akureyri í sumar en í meðalári en nokkrir góðir „frjókornadagar“ náðu greinilega í gegn.

Birkifrjó hafa aldrei mælst færri en í ár. Heildarfrjómag्न birkis virðist ekki ráðast eingöngu af tíðarfari vorsins þegar þau losna út í andrúmsloftið. Það sem hefur líka áhrif á frjómag्न og frjótíma birkis er m.a. úrkoma sumarið áður, þ.e. þegar reklarnir eru að myndast og einnig hitastig sama vetur, áður en birkið blómstrar.

19. október 2016

Ellý Guðjohnsen

